

| Spurningar | Svör |
|---|---|
| <i>Af hverju er munur á því hvenær löginn koma til framkvæmda? Annars vegar 6 mán eftir gildistöku og hins vegar 1. Jan 2025</i> | Bæði frumvörpin munu miða að því að koma til framkvæmdar 1. janúar 2025 |
| <i>Af hverju er starfsemi Úrvinnslusjóðs ekki felld undir lög um loftslagsstofnun á sama hátt og Raforkueftirlitið? Sem sjálfstæð eining.</i> | Úrvinnslusjóður byggir á framlengdri framleiðendaábyrgð sem felur í sér framlengingu á hefðbundinni ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á vörum þegar notkunartíma þeirra er lokið. Starfshópur sem tekið hefur kerfið til endurskoðunar skilaði fyrr á þessu ári tillögum um umbætur og eru þær í úrvinnslu í ráðuneytinu. |
| <i>Afhverju er ekki tilgreint að forstjóri skuli "hafa þekkingu á verkviði stofnunarinnar" sbr. núverandi lögum um UST?</i> | Almennt hefur stjórnendastefna ríkisins undanfarið miðað við að velja góða stjórnendur en ekki endilega sérfræðinga |
| <i>Eitt af hlutverkum Loftslagsstofnunar er samræming heilbrigðiseftirlits. Verður þetta nánar útskýrt í greinargerð? Þetta er nefnilega ekki skýrt í l. 7/1998</i> | Starfshópur um heilbrigðiseftirlit er að störfum en hefur ekki lokið störfum |
| <i>Er búið að ákveða hverjir leiða þessa nýju stofnanir?</i> | Nei það er ekki búið að ákveða það á þessu stigi. Valferli forstöðumanna hefst í byrjun næsta árs 2024. |
| <i>Er ekki gert ráð fyrir breytingu á lögum Breiðafjarðar þannig að verndarsv. Breiðafj. falli einnig undir náttúruv.- og minjast.?</i> | Hér er best að vísa í drög frumvarpsins sem Tryggvi Þórhallsson er að kynna. Í þeim drögum kemur fram að lög um verndun Breiðafjarðar munu falla undir hina nýju Náttúruverndar- og minjastofnun |
| <i>Er ekki stefnan að bjóða upp á fjarvinnu í sameinuðum stofnunum, þá sérstaklega með tilliti til umhverfissjónarmiða og loftslagsstefnu stjórnvalda?</i> | Þetta atriði er ekki ákveðið í lögum heldur er þetta hluti af stefnu viðkomandi stofnunar og stjórnvalda á hverjum tíma |
| <i>Er g.r.f. tíma (frá daglegum störfum) í óvissu/innleiðingu hjá starfsfólki nýrra stofnana? T.d. að kynnast nýjum stjórnendum, koma sér fyrir í nýrri stofnum ofl</i> | Eins og með allar breytingar þarf stofnun að gefa sér tíma í innleiðingu breytinga og innra starf. Er það ákvörðun og ábyrgð nýrra leiðtoga (forstöðumanna) hvernig slíkt er útfært og framkvæmt. |
| <i>Er gert ráð fyrir að við stofnun nýrrar náttúruverndar- og minjastofnunar að það fari af stað ráðningarferli fyrir þjóðgarðsverði ?</i> | Í drögum að frumvarpi um Náttúruverndar- og minjastofnun kemur fram að starfsfólk stofnana skuli eiga forangrétt til starfa í hinni nýju stofnun |
| <i>Er þáttaka í alþjóðlegu samstarfi hluti af verkefnum Loftslagsstofnunar?</i> | Vísun í drög frumvarpsins sem var kynnt á fundinum |
| <i>Færist veiðiteymi UST undir Náttúruv- og minjastofnun? Útgáfa veiðikorta, hreindýraveiðar, útgáfa leiðsögumannaréttinda og mætti áfram telja</i> | Já það er gert ráð fyrir því skv. drögum að frumvarpi |

| | |
|--|---|
| <i>Fellur hollustuvernd undir umhverfismál hjá Loftslagsstofnun?</i> | Stjórnskipulag hinnar nýju stofnunar liggur ekki fyrir |
| <i>Heitið Loftslagsstofnun er ekki lýsandi yfir verkefni stofnunarinnar</i> | Eins og fram hefur komið á þessum fundi þá er heitið Loftslagsstofnun vinnuheiti en ekki endilega það heiti sem verður notað |
| <i>Hvað er sambærileg stjórnsýsla og leyfisveitingar?</i> | Erfitt að svara þessari spurning án semhengis en best að vísa í drög að frumvarpi og skýringar með einstökum greinum |
| <i>Hvað þýðir það raunverulega að "starfsmenn" (eldri stofnanna) "njóti forgangs" í störf í nýrri stofnun? Munu öll sem vilja halda starfi eða ekki?</i> | Nýir forstöðumenn hafa ráðningar- og ákvörðunarvald nýrra stofnana í stofnanabreytingum og taka þeir ákvarðanir um nýtt skipurit, mannaflaþörf og stýra stefnumótun nýrra stofnana. Greiningargögn frá mannauðshóp, húsnæðishóp, upplýsingatæknihópi og þeim sem hafa unnið að greiningarvinnu stofnanabreytinga munu m.a. liggja til grundvalla þeirra ákvarðana sem forstöðumenn kunna að taka. Ákveðið hefur verið að starfsmenn njóti forgangs í þau störf sem verða til í nýrri stofnun og verður ríkt samtal við starfsfólk um möguleika þeirra innan nýrrar stofnunar. Forstöðumaður tekur endanlega ákvörðun um ráðningu en markmið stofnanabreytinga er að efla stofnanir en ekki fækka störfum. |
| <i>Hvenær verða teknar ákvarðanir um þau störf sem verða boðin á nýrri stofnun</i> | Þegar nýr forstöðumaður tekur til starfa hefst stefnumótunarvinna og unnið að nýju stjórnskipulagi. Þá verða samtöl við starfsfólk og forstöðumenn taka ákvarðanir útfr þeim og þeirri greiningarvinnu sem hefur þegar verið unnin af mannauðshópnum. Ráðgert er að valferli forstöðumanna sé yfirstaðið um mitt ár 2024 og hefst þessi vinna strax eftir það. |
| <i>Hvenær verður ráðist í gerð nýrra stofnanasamninga fyrir nýjar stofnanir?</i> | Stefnt er að því að undirbúningsvinna mannauðshópsins muni leiða til aukins samtals við kjarafélögin og undirbúa samtal sem þarf að eiga sér stað til að þróa og samræma nýja stofnanasamninga sem munu byggja að miklu leyti á þeim samningum sem liggja þar til grundvallar. Eiginlega vinna við gerð þeirra verður samt að hefjast eftir að frumvarpið er samþykkt. |
| <i>Hvernig verður tryggt að nauðsynlegt fjármagn fari til allra friðlýstra svæða?</i> | Fjárfjárvald liggur hjá Alþingi og því ekki hægt að svara þessari spurning núna. Þjónustugjöld í formi sértekna eins og nú eru tekin á Þingvöllum, í Skaftafelli og við Jökulsárlón eiga samkvæmt núgildandi lögum að renna í rekstur viðkomandi svæða. |
| <i>Hvert verður lagalegt umboð forstjóra núverandi stofnana þegar/ef frumvarpið fer í gegnum þing strax í haust?</i> | Forstjórar núverandi stofnana halda almennt umboði sínu þar til lög um nýja stofnun koma til framkvæmdar (ef þau verða samþykkt) eða þar til skipunartími þeirra rennur út ef það gerist fyrir 1. janúar 2025 |
| <i>Kemur til greina í "störfum án staðsetningar", að starfsstöð verði skilgreind "á Landsbyggðinni"</i> | Það er leiðarljós í ferlinu að fjölga störfum á landsbyggðinni. Verið er að hefja vinnu við að greina húsnæðisþörf nýrra stofnana. Almenna reglan verður sú að störf verði óháð staðsetningu en einnig verði markvisst unnið að því að efla starfsstöðvar viðkomandi stofnunar á landsbyggðinni í svokölluðum Deiglum. Sum störf eru hins vegar þannig að krafa þarf að vera um viðveru á ákveðnum starfsstöðvum og svæðum s.s. vegna þjófgarða, náttúruverndarsvæða og vöktunar á náttúruvá. |

| | |
|---|---|
| <i>Má búast við að við endurráðningu til nýrra stofnana njóti starfsmenn sömu kjara og hjá fyrri stofnun eða má búast við að starfsmenn geti lækkað í launum?</i> | Starfsmenn munu fá nýja ráðningarsamninga út frá launasetningu nýrrar stofnunar. Sú launasetning mun hins vegar byggja á samþættingu og samræmingu launasetninga þeirra stofnana (eða hluta úr stofnun) sem munu sameinast í eina stofnun. Leiðarljósið við ákvörðunartöku verður að gæta jafnræðis og sanngirni við mönnun nýrra stofnana. |
| <i>Má gera ráð fyrir að áunnin réttindi (veikinda, námsleyfi) flytjist með starfsfólki við sameiningu?</i> | Veikindaréttur helst þar sem um er að ræða óslitið ráðningarsamband við ríkið. Varðandi námsleyfi þá liggur það ekki fyrir á þessum tímapunkti. Orlof er oft gert upp við niðurlagningu starfs en hægt er að óska eftir flutningi orlofsréttar á milli stofnana. |
| <i>Mun fólk falla í sambærilegan launaflokk í nýrri stofnun eða þarf að semja um launaflokk eins og um nýjan starfssamning væri að ræða?</i> | Breytingar á störfum og starfsstigi kunna að koma í ljós þegar lokið verður við skipulag nýrrar stofnunar |
| <i>Nýta á tækifærið til fjölgunar starfa á landsbyggðinni en núverandi starfsfólk fær forgang í störf. Verður áframhaldandi starf þá e.t.v. bundið flutningi?</i> | Markmiðið snýr frekar að því að í framtíðinni verði reynt að stefna að því að þegar ný störf verða auglýst að þau verði ef til vill auglýst á landsbyggðinni eða óháð staðsetningu. Það eru engir fyrirhugaðir flutningar starfsfólks. |
| <i>Ríkisstjórnin hefur boðað mikla fækkun opinberra starfa, nokkur hundruð störf verði lögð niður. Hvað stendur til að leggja niður mörg stöðugildi í sameiningunum</i> | Eins og fram kom í máli umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra er markmiðið m.a. að efla stofnanirnar og í tengslum við þessar skipulagsbreytingar eru ekki áform um að fækka starfsfólki |
| <i>Samræming heilbrigðiseftirlita - er von á skýrslu Ármanns um framtíðarskipulag þeirra, þar sem MAST og UST hafa verið með það á hendi auk sveitarfélaga?</i> | Starfshópur er að störfum, nákvæm tímasening skila hópsins liggur ekki nákvæmlega fyrir https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/10/20/Starfshopur-um-fyrirkomulag-efstirlits-med-hollustuhattum-og-mengunarvornum-og-matvaelum/ |
| <i>Settur er aðili yfir faglega og stjórnunarlega ábyrgð Raforkueftirlitsins. Verður slíkur fyrir minjavernd? Mikilvægt að þar sé yfir aðili með reynslu.</i> | Sjá drög að frumvarpi um Náttúruverndar- og minjastofnun, skýringar með einstökum greinum og greinargerð |
| <i>Vatnsréttindi og slíkt er nú að hluta undir MAST og VÍ, færast verkefni þaðan?</i> | Verkefni sem nú eru hjá öðrum stofnunum eða ráðuneytum og hafa tengingu við hinar nýju stofnanir verða áfram til skoðunar en þar þarf m.a. að eiga samtal við önnur ráðuneyti |
| <i>Verður hver stofnun með eigin stoðþjónustu/miðlæga þjónustu eða sameinast þær um slík mál?</i> | Gert er ráð fyrir því að innan hvers stofnunar verði stoðþjónusta. Hvort það verði sameinast um slíkt að öðru leyti er a forræði nýrra forstöðumanna að ákveða eða leitast eftir. |
| <i>Verður nokkuð sagt í frumvarpinu eða lögunum að Umhverfisstofnun sér um eftirlit með skráningarskyldri starfsemi því það er útgefandinn sem hefur eftirlit</i> | Best að vísa í drög að frumvarpi sem svar við þessari spurningu |

| | |
|--|---|
| <p><i>verður starfsfólki sagt upp storfum?</i></p> | <p>Niðurlagningu stofnana fylgir niðurlagning starfa en starfsfólk stofnana mun njóta forgangs í störf hjá nýjum stofnunum. Sum störf taka litlum breytingum, sum störf taka meiri breytingum og einnig verða ný störf til. Við greiningarvinnu í undirbúningsfasa sameiningar koma hugsanlega fram tækifæri starfsfólks til starfspróunar, það kunna að felast tækifæri í þessu fyrir starfsfólk sem hefur hug á eða vilja til breytinga eða tilfærslna.</p> |
| <p><i>Það er bagalegt að ekki komi skýr svör um að starfsfólki verði tryggð áframhaldandi störf. Þannig er gefið rúm fyrir vafa og ótta við fyrirhugaðar breytingar.</i></p> | <p>Í drögum að frumvörpum kemur fram að starfsfólk stofnana skuli eiga forangrétt til starfa í hinum nýju stofnunum</p> |
| <p><i>þarf að standa að Loftslagsstofnun sé með samráðsskyldu?</i></p> | <p>Þetta er góð spurning sem eflaust eru mörg svör til við</p> |